

Mál nr. 19a/2013

Ár 2014, þriðjudaginn 18. febrúar, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 19a/2013

HRFÍ

gegn

A

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd 15. október 2013 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (A) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para rakkann Z við tíkina X þar sem hvorugur hundurinn var með gilt augnvottorð. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 16. október 2013 og henni gefinn andmælafrestur til 13. nóvember. Ekkert svar barst innan tilskilins frests og var kærðu send ítrekun með bréfi dags. 23. janúar 2014 og gefinn viðbótarfrestur til 30. janúar sem kærða svaraði með tölvupósti 3. febrúar. Var svarið áframsent til kæranda til umsagnar, sem svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Þar eð siðanefnd taldi að öll gögn er máli skiptu væru fram komin þá ákvað hún að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 4. maí 2012 var rakkinn Z paraður við tíkina X hinn 19-21. desember 2012. Hundarnir eru af hundakyninu Pomeranian og er tíkin í eigu kærðu. Við pörunina var tíkin ekki með gilt augnvottorð. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærða andmælti ekki brotinu og fannst þetta mjög miður og tilkomið vegna kæruleysis af hennar hálfu. Hún hafi ekki kynnt sér íslensku reglurnar en talið fullvíst að ekki væri gerð krafa um augnvottorð því að sú væri ekki raunin erlendis þar sem hún hafi kynnt sér tegundina og parað þessa sömu tík án þess að hún væri augnskoðuð. Kærða hefur nú látið augnskoða tíkina og stóðst hún skoðun. Þá tiltók kærða það að ræktendur Pommeranian hefðu í hyggju að sækja um breytingar á reglunum varðandi augnskoðun tegundarinnar því að þeirra mati væru þær of strangar.

III. Forsendur.

Samkvæmt grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda segir um hundakynið Pomeranian:

„Augnskoðun: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.03.2009). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar

undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann (Gildir frá 01.09.2012).“

Siðanefnd mun ekki leggja mat á það hvort krafa um augnvottorð sé réttmæt eða ekki, heldur ítrekar hún að samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ þá skulu félagsmenn sem nota hunda sína til ræktunar vera vel að sér um það ræktunarmarkmið er gildir fyrir viðkomandi tegund og um það verður ekki deilt að á þeim tíma sem þörun fór fram var í gildi regla sem kveður á um að það að gilt augnvottorð liggi fyrir við þörun.

Kærða hefur viðurkennt brot sitt skýlaust og ekki vikist undan ábyrgð. Hún hefur jafnframt lofað því að þetta komi ekki fyrir aftur og þykir siðanefnd nægja að veita áminningu nú. En það liggur fyrir að kærða hefur áður gerst brotleg við reglur félagsins og hlotið áminningu þar sem tók í hennar eigu hafði ekki náð tilskildum aldri við þörun. Kærða því nú áminnt öðru sinni.

IV Niðurstaða

Kærða A telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt.

f.h siðanefndar

Anna María Flygenring

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Sveinbjarnardóttir